

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Deiliskipulag Jaðarsbakka á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 13. desember 2005, var samþykkt deiliskipulag Jaðarsbakka á Akranesi.

Deiliskipulagið tekur til alls svæðis sunnan Innnesvegjar frá lóðamörkum dvalarheimilisins Höfða, að Faxabraut og vesturhluti svæðisins milli Jaðarsbrautar og Langasands. Svæðið er skilgreint sem íþrótt- og útivistarsvæði og tekur deiliskipulagið til núverandi og fyrirhugaðra íþróttamannvirkja, göngu- og hjólreiðastíga, aðkomu að svæðinu og bílastæða. Skilgreindir eru sex nýir byggingarreitir þ.e. fyrir þjónustu- og veitingahús vestast á svæðinu, stækkun núverandi íþróttamiðstöðvar og byggingu nýrrar sundlaugar sem leyfilegt er að byggja yfir, nýja aðkomu og þjónustubyggingu fyrir fjölnotahús, fjölnotahús með gervigrasvelli austan knattspyrnuvallar, stækkun núverandi stúku og miðasöluhúsum í tengslum við knattspyrnuvöll og þjónustuhús (salerni) á útivistarsvæðinu við Krossvíkurvita.

Framangreint deiliskipulag var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 11. maí 2006.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.